



NÁMSKRÁ

VELFERÐARTÆKNI





Nafn námskrár:

Námskrá númer 18-422-2-40.

Vinnustundir námsmanns:

40 klukkustundir.

Hverjum ætlað:

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldri en 20 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

Fjöldi eininga:

Allt að <> framhaldsskólaeiningar.

Útgefandi:

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

1. útgáfa, 2018.

Efnisyfirlit

Námskrá	1
Skipulag	2
Hæfniviðmið náms	2
Námsmat	3
Frjálst val	3
Leiðbeiningar til kennara.....	3
Námsþættir	4
Velferðarþjónusta og tækni.....	5
Stefnur og starfsumhverfi	6
Samskipti, miðlun og gagnvirkni.....	7
Velferðarlausnir.....	9
Starfsþjálfun	11
Viðaukar	12
Hæfniþættir námsþátta.....	13
Velferðarþjónusta og tækni – þrep 2	13
Stefnur og starfsumhverfi – þrep 2	14
Samskipti, miðlun og gagnvirkni – þrep 2	15
Velferðarlausnir – þrep 2.....	16
Færnimappa og / eða verkdagbók	18

Námskrá

Námskráin Velferðartækni lýsir námi á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námið skiptist í fimm námsþætti og er tilgangur þess að efla þekkingu og auka hæfni þeirra sem starfa eða hafa hug á að starfa við velferðarþjónustu. Markmiðið er að námsmenn fái aukna þekkingu og leikni til að takast á við tækniþróun í velferðarþjónustu sem snýr að nýsköpun í tækni og nýtist við umönnun, verklega aðstoð, hjálpartæki, skipulag á heimilum, þjálfun, endurhæfingu, sérkennslu og atvinnu með stuðningi. Námslýsingin er hugsuð fyrir námsmenn, leiðbeinendur, vinnuveitendur og framhaldsfræðsluaðila sem vilja bjóða upp á nám fyrir þá sem starfa eða hafa hug á að starfa innan velferðarsamfélagsins.

Námskráin er 40 klukkustundir og skiptist í fimm námsþætti.

Skipulag

Námið samanstendur af bóklegum og verklegum þáttum þar sem tengsl við vinnustaði eru mikilvæg til að þjálfa verklag og styrkja tengsl námsmanna við atvinnulífið. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnum námsmönnum og að þeir hafi með sér samráð um samþættingu námsþátta og taki tillit til markmiða og reynslu námsmanna. Gert ráð fyrir starfsþjálfun á vettvangi velferðarþjónustunnar í þeim verkþáttum og ferlum sem lögð er áhersla á.

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu. Samhliða náminu er æskilegt að bjóða upp á stuðning í formi einstaklingsviðtala og ráðgjafar til að kanna hvar áhugi hvers og eins liggur hvað varðar vettvangsnám á vinnustað og eins að kanna atvinnumöguleika.

Hæfniviðmið náms

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi nýsköpunar og tækni í velferðarþjónustu
- Hvað velferðartækni felur í sér fyrir samfélagið
- Hvaða áhrif velferðartækni hefur á einstaklinga og lífsgæði

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Greina notendamiðaðar tæknilausnir
- Nota lausnir sem hjálpa einstaklingum til að takast á við daglegt líf, stuðla að heilbrigði og lífsgæðum á eigin forsendum

Námsmaður skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Nýta aðferðir sem setja samráð við notendur og þarfir þeirra í forgrunn
- Endurmeta og innleiða ný vinnubrögð
- Sýna notandanum skilning og nota þá þekkingu sem skapast til að þróa nýjar lausnir
- Vera virk í að miðla upplýsingum til notenda um þau tækifæri og áskoranir sem velferðartækni býður upp á

Námsmat

Námsrángur er metinn út frá þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum námsins með fjölbreyttum matsaðferðum sem fræðsluaðili samþykkir og lýst er í kennsluáætlun. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfesting á námsrángri og jafnframt sem lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

Frjálst val

Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsins ef þær fara ekki í bága við markmið eða tilgang þess. Breytingar sem nema meira en 10% eru aðeins heimilaðar með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Leiðbeiningar til kennara

Lögð er áhersla á samþættingu námsþátta og tengingu við velferðarþjónustu. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir (gögn, tæki, skipulag og aðstaða) sem hvetja til náms, auðvelda nám og efla einstaklinginn í að takast á við þau verkefni og hæfniviðmið sem liggja til grundvallar í náminu.

Námsþættir

Nafn námsþáttar	Skammstöfun	Klst.	Þrep
Velferðarþjónusta og tækni		6	2
Stefnur og starfsumhverfi		3	2
Samskipti, miðlun og gagnvirkni		12	2
Velferðarlausnir		12	2
Starfsþjálfun		7	2
Vinnuframlag námsmanns		40	

Velferðarþjónusta og tækni

Prep	2
Vinnustundir	6
Námsgrein	Velferðartækni
Viðfangsefni	Velferðartækni, nýsköpun, þekking á réttindum, tækniþróun

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að fjalla um nýsköpun og tækni í velferð. Samfélagslegar, lýðfræðilegar og tæknilegar breytingar sem kalla á ýmiskonar tækni- og tæknitengdar lausnir við þróun og framkvæmd velferðarþjónustu. Velferðartækni er samheiti yfir þær tæknilausnir sem hjálpa til við að viðhalda eða þróa þjónustu velferðarsamfélagsins. Markmið með velferðartækni er að viðhalda og auka þátttöku einstaklinga í öllu daglegu lífi sem snýst um fólk, einstaklingsmiðaðar þarfir, sjálfstæði, öryggi og lífsgæði. Lögð er áhersla á samráð við notendur velferðartækni með það að markmiði að styrkja þá við að takast á við athafnir daglegs lífs. Í námsþættinum er lögð áhersla á að miðla þekkingu um þá möguleika, áskoranir og hugsanlegar takmarkanir sem upp geta komið innan velferðarþjónustunnar núna og í framtíðinni.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Framtíðarþróun velferðarsamfélagsins/samfélagsbreytingar
- Hugtakinu velferðartækni og hvað það felur í sér
- Lýðfræðilegum breytingum
- Þróun og stefnu í tækni og nýsköpun
- Reglum um jafnrétti og almenn mannréttindi
- Flokkum velferðartækni

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í :

- Leiðum til samráðs við notendur velferðartækni

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera sér grein fyrir þörf nýsköpunar og tæknilegrar þróunar
- Rökstyðja hvers vegna velferðartækni er gagnleg
- Sýna skilning á reglum um mannréttindi
- Útskýra mun á flokkum velferðartækni

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu, ígrundun og virkni námsmanna.



Stefnur og starfsumhverfi

Prep	2
Vinnustundir	3
Námsgrein	Velferðartækni
Viðfangsefni	Réttindi, aðgengi, stefna

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að námsmenn fái þekkingu á stefnum í velferðartækni, reglum og alþjóðlegum skuldbindingum ásamt almennum lagaramma um þjónustu og velferðartækni. Markmiðið er að námsmenn hafi færni í að afla sér upplýsinga um réttindi og aðgengi að hjálpartækjum og tæknilausnum með heildrænu tilliti. Jafnframt er fjallað um þróun velferðartækniþjónustu frá tilraunum til reglulegar starfssemi og skoðaðar leiðir að því að velferðartækni hætti að vera tilraunastarf og verði regluleg þjónusta.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Reglum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja um umgengni og þjónustu
- Almennum lagaramma um þjónustu og velferðartækni
- Stefnum um velferðartækni og alþjóðlegar skuldbindingar
- Réttindum, ferlum og aðgengi að hjálpartækjum, tæknilausnum, greiningum og umsóknum
- Þróun velferðartækniþjónustu frá tilraunum til reglulegrar starfssemi

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Afla gagnlegra upplýsinga um velferðarlausnir, reglur og stefnur

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Greina eigið starfsumhverfi út frá lagaramma og stefnu viðkomandi stofnunar/fyrirtækis

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu, ígrundun og virkni námsmanna.

Samskipti, miðlun og gagnvirkni

Prep	2
Vinnustundir	12
Námsgrein	Velferðartækni
Viðfangsefni	Samskipti, siðfræði, trúnaður, aðlögunarhæfni, viðhorf, menningarläsi

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla sjálfstraust námsmanna og auka færni þeirra í árangursríkum og heiðarlegum samskiptum. Með áherslu á valdeflingu og muninn á styðjandi og stýrandi miðlun. Námsmenn geri sér grein fyrir mikilvægi siðfræðilegra gilda, trúnaðar og persónuverndar. Taki ábyrgð á eigin viðhorfum og fordómum og öðlist hæfni til að aðlagast mismunandi þörfum og kröfum samfélagsins. Læra að greina þarfir með hliðsjón af velferðarlausnum, hafa innsýn í breytingar og þróun svo hægt sé að endurmeta stöðu einstaklinga hverju sinni ásamt því hvernig hægt er að tileinka sér ný vinnubrögð eða breyta þeim.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu áhrifaþáttum í mannlegum samskiptum
- Mikilvægi notendastýrðar og einstaklingsbundinnar nálgunar
- Aðferðum sem stuðla að árangursríkum samskiptum
- Innleiðingu breytinga og breytingarstjórnun
- Eigin styrkleikum og veikleikum
- Grundvallarreglum um persónuvernd og trúnað
- Reglum um meðferð persónuupplýsinga
- Almennum siðareglum og gildum í velferðarþjónustu
- Undirstöðuatriðum tjáskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning
- Fjölbreytileika mannlífs og eigin fordómum

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Fylgja reglum um meðferð persónuupplýsinga
- Greina á milli trúnaðarupplýsinga og annarra upplýsinga
- Tjá sig heiðarlega, með virðingu og nærgætni
- Bregðast við málum af ábyrgð og sjálfsöryggi
- Hlusta á fordómalausan hátt
- Að „aflæra“ gamla vana og tileinka sér ný vinnubrögð

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Greina á milli hvaða upplýsingar er viðeigandi að veita og hverjar ekki
- Vera sjálfum sér samkvæmur, sýna frumkvæði og eiga opin og heiðarleg samskipti við aðra
- Vinna með öðrum og deila gagnlegum upplýsingum
- Virða skoðanir annarra og taka tillit til þeirra í eigin tjáskiptum
- Sýna umburðarlyndi
- Aðlaga framkomu sína að ólíkum einstaklingum og hópum við mismunandi aðstæður



- Taka mið af siðferðilegum gildum eins og sjálfsákvörðunarrétt notanda s.s. upplýstu samþykki, gagnsæi og gagnsemi við val á velferðartæknilausnum

Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu, ígrundun og virkni námsmanna

Velferðarlausnir

Prep	2
Vinnustundir	12
Námsgrein	Velferðartækni
Viðfangsefni	Tæknilæsi, upplýsingalæsi, virkni, viðhorf, nýsköpun, verkleg og tæknileg nálgun

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að fjalla um fjögur megin svið velferðartækni og mikilvægi notkunar og þróunar tæknilausna í nútíma velferðarsamfélagi. Tækni til þjálfunar og eigin umönnunar. Þarfamiðuð nýsköpun byggist á því að kortleggja og skilja þarfir notandans og nota þá þekkingu sem þá skapast til að þróa nýjar lausnir, verkferla og skipulag. Námsmenn kynnist algengum véla- og hugbúnaði í tölvum. Fáir þjálfun í notkun, prófun og umgengni á tækniþúnaði, geti áhættugreint og skjalfest styrkleika þeirra og veikleika tæknilausna. Fáir jafnframt þjálfun í að endurmeta og leiðrétta notkun búnaðar eftir uppsetningu og styðja nýja notendur við notkun velferðartæknilausna. Hafi færni í að leita sér upplýsinga, getu til að yfirfæra þekkingu á tækniþúnaði á mismunandi aðstæður og virkni og frumkvæði til að tileinka sér nýjungar.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hinum megin sviðum velferðartækni
- Mismunandi tæknilausnum í velferðarþjónustu
- Almennum véla- og hugbúnaði
- Meta framvindu og árangri af notkun velferðartækni

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Framkvæma og prófa sig áfram
- Leita sér að upplýsingum
- Leikni í að meta þarfir einstaklinga
- Leikni í að þróa ný vinnubrögð
- Áhættugreina og skjalfesta styrkleika og veikleika tækja í prófun og máta saman einstakling og tæki
- Endurmeta og fylgja eftir uppsetningu á búnaði og styðja nýja notendur

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Getur framkvæmt og prufað sig áfram varðandi tækniþúnað
- Nýta þá öryggisækni sem til þarf sem ætlað er að skapa örugga umgjörð um líf einstaklinga
- Nýta þá upplýsingatækni sem til þarf fyrir félagsleg samskipti
- Nýta þá tækni til að bæta fyrir missi og styðja við bættu líðan t.d. minnistap - skert hreyfifærni – umhverfistjórn á heimili
- Sýna frumkvæði við að afla sér upplýsinga um nýja tækni og nýsköpun og prófa sig áfram við notkun þeirra



Námsmat

Áhersla er lögð á símat og leiðsagnarmat sem byggir á vinnu, ígrundun og virkni námsmanna.

Starfsþjálfun

Prep	2
Vinnustundir	7
Námsgrein	Velferðartækni
Viðfangsefni	Þjálfun, úrvinnsla upplýsinga, aðlögunarhæfni

Lýsing

Námsþættinum er ætlað að tryggja að námsmaður fái verklega þjálfun við raunhæfar aðstæður. Tilgangur námsþáttarinnar er að styðja við yfirfærslu náms á vinnustað og kynna frekar þær tæknilausnir sem í boði eru. Lögð er áhersla á að námsmenn komist í tæri við algengustu velferðarlausnir og fái viðeigandi þjálfun í notkun þeirra.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Velferðarlausnum sem eru í boði fyrir einstaklinga með sérþarfir
- Vettvangi velferðartækni

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota þær lausnir sem henta hverju sinni
- Fylgja eftir og endurmeta notkun á velferðartækni – leiðrétta notkun
- Beita aðferðum til að færa þjónustuna nær notendum

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Veita einfalda ráðgjöf um notkun velferðarlausna
- Búa yfir færni til að nota velferðartækni
- Leggja sitt af mörkum til að auka árangur þjónustunnar

Námsmat

Áhersla er lögð á virkni námsmanns við raunhæfar aðstæður.



Viðaukar

Viðaukar
Hæfnipættir námsþátta
Færnimappa og / eða verkdagbók
Leiðbeiningar til kennara

Hæfnipættir námsþátta

Velferðarþjónusta og tækni – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Framtíðarþróun velferðarsamfélagsins/samfélagsbreytingar				
Hugtakinu velferðartækni og hvað það felur í sér				
Lýðfræðilegum breytingum				
Þróun og stefnu í tækni og nýsköpun				
Reglum um jafnrétti og almenn mannréttindi				
Flokkum velferðartækni				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Leiðum til samráðs við notendur velferðartækni				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Gera sér grein fyrir þörf nýsköpunar og tæknilegrar þróunar				
Rökstyðja hvers vegna velferðartækni er gagnleg				
Sýna skilning á reglum um mannréttindi				
Útskýra mun á flokkum velferðartækni				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Stefnur og starfsumhverfi – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Reglum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja um umgengni og þjónustu				
Almennum lagaramma um þjónustu og velferðartækni				
Stefnum um velferðartækni og alþjóðlegar skuldbindingar				
Réttindum, ferlum og aðgengi að hjálpartækjum, tæknilausnum, greiningum og umsóknum				
Þróun velferðartækniþjónustu frá tilraunum til reglulegrar starfssemi				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Afla gagnlegra upplýsinga um velferðarlausnir, reglur og stefnur				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Greina eigið starfsumhverfi út frá lagaramma og stefnu viðkomandi stofnunar/fyrirtækis				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Samskipti, miðlun og gagnvirkni – þrep 2

	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Helstu áhrifaþáttum í mannlegum samskiptum				
Mikilvægi notendastýrðar og einstaklingsbundinnar nálgunar				
Aðferðum sem stuðla að árangursríkum samskiptum				
Innleiðingu breytinga og breytingarstjórnun				
Eigin styrkleikum og veikleikum				
Grundvallarreglum um persónuvernd og trúnað				
Reglum um meðferð persónuupplýsinga				
Almennum siðareglum og gildum í velferðarþjónustu				
Undirstöðuatriðum tjáskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning				
Fjölbreytileika mannlífs og eigin fordómum				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Fylgja reglum um meðferð persónuupplýsinga				
Greina á milli trúnaðarupplýsinga og annarra upplýsinga				
Tjá sig heiðarlega, með virðingu og nærgætni				
Bregðast við málum af ábyrgð og sjálfsöryggi				
Hlusta á fordómalausán hátt				
Að „aflæra“ gamla vana og tileinka sér ný vinnubrögð				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Greina á milli hvaða upplýsingar er viðeigandi að veita og hverjar ekki				
Vera sjálfum sér samkvæmur, sýna frumkvæði og eiga opin og heiðarleg samskipti við aðra				
Vinna með öðrum og deila gagnlegum upplýsingum				
Virða skoðanir annarra og taka tillit til þeirra í eigin tjáskiptum				
Sýna umburðarlyndi				
Aðlaga framkomu sína að ólíkum einstaklingum og hópum við mismunandi aðstæður				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Velferðarlausnir – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Hinum megin sviðum velferðartækni				
Mismunandi tæknilausnum í velferðarþjónustu				
Almennum véla- og hugbúnaði				
Meta framvindu og árangri af notkun velferðartækni				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Framkvæma og prófa sig áfram				
Leita sér að upplýsingum				
Leikni í að meta þarfir einstaklinga				
Leikni í að þróa ný vinnubrögð				
Áhættugreina og skjalfesta styrkleika og veikleika tækja í prófun og máta saman einstakling og tæki				
Endurmeta og fylgja eftir uppsetningu á búnaði og styðja nýja notendur				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Getur framkvæmt og prufað sig áfram varðandi tæknibúnað				
Nýta þá öryggistækni sem til þarf sem ætlað er að skapa örugga umgjörð um líf einstaklinga				
Nýta þá upplýsingatækni sem til þarf fyrir félagsleg samskipti				
Nýta þá tækni til að bæta fyrir missi og styðja við bættu líðan t.d. minnistap - skert hreyfifærni – umhverfistjórn á heimili				
Sýna frumkvæði við að afla sér upplýsinga um nýja tækni og nýsköpun og prófa sig áfram við notkun þeirra				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Starfsþjálfun – þrep 2				
	1. Lítil þekking/færni. 2. Nokkur þekking/færni. 3. Góð þekking/færni. 4. Mikil þekking/færni.			
Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:	1	2	3	4
Velferðarlausnum sem eru í boði fyrir einstaklinga með sérþarfir				
Vettvangi velferðartækni				
Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:	1	2	3	4
Nota þær lausnir sem henta hverju sinni				
Fylgja eftir og endurmeta notkun á velferðartækni – leiðréttu notkun				
Beita aðferðum til að færa þjónustuna nær notendum				
Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:	1	2	3	4
Veita einfalda ráðgjöf um notkun velferðarlausna				
Búa yfir færni til að nota velferðartækni				
Leggja sitt af mörkum til að auka árangur þjónustunnar				

Dagsetning	Staður	Undirskrift leiðbeinanda

Færnimappa og / eða verkdagbók

Hér staðfestir þú með undirskrift þinni að þær upplýsingar sem skráðar hafa verið séu réttar. Ef til vill getur þú fengið yfirmann þinn eða annan umsagnaraðila til að lesa yfir færnimöppuna þína eða verkdagbókina, veita þér endurgjöf og staðfesta upplýsingarnar.

Dagsetning	Staður	Undirskrift þátttakanda

Dagsetning	Staður	Undirskrift umsagnaraðila



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI